

Samkomulag um mat á kennslu til launa

Greiðsla fyrir námskeið.

Hér að neðan er sett fram fjórskipt flokkun á kennslunámskeiðum. Reiknað er með að innan hvers flokks verði svigrúm til að mæta breyttu kennsluumhverfi með því að beita mismunandi kennsluaðferðum. Flokkarnir taka mið af nemendafjölda, kennarafjölda og fjölda kennslustaða. Útreikningur á kostnaði við námskeið er settur fram í reiknilíkani sem er aðgengilegt í Stefaníu. Mat þetta nær nú einnig til námskeiða sem byggja á símati vegna verkefnavinnu en ekki til námskeiða með starfsnámi eða leiðbeininga við verkefni nemenda.

Forsendur	
Námskeið	STE1105
Nemfjöldi	75
Einingar	5
Kennsluform	Endurtekið námskeið
Flokkun námskeiðs	Námskeið með umfangsmiklum verkefnum og/eða þar sem blandað er saman fyrirlestrum, dæmatímum, umræðutímum, heimsóknum o.s.frv..
Fjöldi kennara	1
Fjöldi kennslustaða	1
Útreikningur	
Samtals kostnaður við námskeið	497
Þar af umsjón	40

Mynd 1. Dæmi um útreikning á kostnaði við áfanga

Útreikningur á kostnaði í líkani þessu er byggist á föstum hluta, breytilegum hluta og umsjón. Niðurstöðurnar eru settar fram sem heildarkostnaður og umsjón fyrir námskeiðið.

Fastur hluti

- Fyrirlestrar
- Prófgerð

Fastur hluti tekur ekki breytingum eftir nemendafjölda í námskeiði

Breytilegur hluti

- Prófyfirferð
- Verkefni.

Breytilegur hluti breytist eftir fjölda nemenda

Umsjónarhluti

- Umsjón tengd nemendafjölda.
- Umsjón tengd einingafjölda
- Umsjón sem greidd er ef samanlagður fjöldi kennara og kennslustaða fer yfir 2 og upp í 10.

Skilgreiningar varðandi umsjón.

- Með kennara er átt við þá kennara sem taka þátt í námsmati.
- Kennslustaðir teljast staðbundið nám og fjarendi þar sem hópum er kennt í fjarfundabúnaði. Tenging nemenda beint í gegnum vefinn, sbr. WebCT telst ekki kennslustaður.
- Samanlagður fjöldi kennara og kennslustaða getur aldrei farið yfir 10 í útreikningi á umsjón.

Leiðrétting

Greiðslur fyrir námskeið skulu leiðréttar eftir sjúkra og upptökupróf misseris. Leiðréttingin skal miðast við meðaltal þeirra sem skráðu sig í námskeiðið og þeirra sem þreyttu próf. Leiðréttu skal greiðslur til kennara ef breyting á fjölda nemenda í námskeiði fara yfir +/- 5% frá upphaflegri áætlun.

Flokkun námskeiða

Deildarforseti í samráði við umsjónakennara/kennara ákveður hvort námskeið raðist í flokk A, B, C eða D. Til viðmiðunar ber að notast við eftirfarandi flokkun námskeiða. Deildarforseta er heimilt með breyttu kennslufyrirkomulagi námskeiðs að hnika námskeiðum milli flokka eða meta þörf á viðbótarálagi innan sama flokks eftir áherslum deilda og með tilliti til þátta eins og mikilvægis námskeiðs og fjölda nauðsynlegra kennslustunda. Deildarforseti ber ábyrgð á flokkun námskeiða og ber að tryggja að kostnaður deildar fari ekki fram úr fjárhagsramma hennar. Greitt er fyrir námskeið samkvæmt reiknilíkani sem er aðgengilegt í Stefaníu.

Flokkur A.

Bókleg námskeið með umfangslitlum verkefnum þar sem kennsla fer að mestu fram í fyrirlestrarformi.

Flokkur B.

Bókleg og/eða verkleg námskeið með allumfangsmiklum verkefnum þar sem verkefnaeinkunn er að minnsta kosti 20% af heildareinkunn og/eða þar sem blandað er saman fyrirlestrum, dæmatímum, umræðutímum, verklegri kennslu, sýnikennslu, heimsóknum o.s.frv.

Flokkur C.

Bókleg og/eða verkleg námskeið með mjög umfangsmiklum verkefnum og þar sem hópaskipting í dæma- eða umræðutímum, verklegri kennslu eða sýnikennslu er að minnsta kosti 30% af umfangi námskeiðs og einkunn vegna prófa er að minnsta kosti 50% af heildareinkunn. Fari nemendafjöldi í námskeiði yfir 50 metur deildarforseti í samráði við umsjónarkennara hvort þörf sé á viðbótarálagi vegna hópaskiptingar.

Flokkur D.

Námskeið þar sem auk bóklegrar kennslu eru tilraunir í tilraunastofu að minnsta kosti 30% af umfangi námskeiðs og einkunn vegna prófa er að minnsta kosti 50% af heildareinkunn. Þar sem hópar í tilraunum eru fleiri en tveir metur deildarforseti samráði við umsjónarkennara hvort þörf sé á viðbótarálagi vegna hópaskiptingar.

Hlutverk umsjónarkennara

Deildarforseti er ábyrgur fyrir því að heildargreiðslur fyrir námskeið haldist innan ramma sem þetta kerfi segir til um og umsjónarkennari skipuleggur námskeið til samræmis við það. Ef til koma þættir sem falla utan þessa ramma verður deildarforseti að veita heimild fyrir auknum greiðslum enda séu þær innan ramma fjárveitingar deildarinnar.

Umsjónarkennari skilar til skrifstofustjóra deilda drögum að vinnuskýrslum fyrir stundakennara og gestafyrirlesara sem koma að kennslu á námskeiði.

Endurtöku- og sjúkrapróf

Engin breyting verður á greiðslum fyrir endurtöku- og sjúkrapróf.

Kennsluform

Gerður er greinamunur á þrenskonar formi kennslu.

Kennsluform 1

Samkennt námskeið

Námskeið sem er fjarkennt í gegnum fjarfundabúnað með staðbundinni kennslu samtímis.

Greitt er 15% álag á fastan hluta.

Kennsluform 2.

Endurtekið námskeið

Við endurtöku námskeiðs er átt við að sama námskeið er kennt oftari en einu sinni á misseri.

Við endurtekningu á námskeiði er fastur kostnaður og umsjón við námskeiðið skertur um 50%. Breytilegur kostnaður á nemanda breytist ekki. Ef námskeið eru kennd sérstaklega í fjarkennslu á sama misseri og staðbundið námskeið telst það endurtekið.

Kennsluform 3.

Hefðbundið námskeið

Hefðbundið námskeið er staðbundið eða fjarkennt námskeið sem ekki er endurtekið á sama misseri eða fjarkennt í gegnum fjarfundabúnað með staðbundinni kennslu samtímis.

Ekki er greitt álag á fastan-, breytilegan- eða umsjónarluta námskeiðsins.

Tilsögn við fámenn námskeið

Í fámennum námskeiðum svo sem lesnámskeiðum þar sem ekki er stuðst við hefðbundið kennsluform heldur tilsögn skal semja um greiðslur fyrir kennsluna milli kennara og deildarforseta.

Í mjög fámennum námskeiðum þar sem stuðst er við hefðbundið kennsluform ber að miða við að greitt sé fyrir námskeiðið sem um endurtekið námskeið sé að ræða.

Námskeið kennt á öðru tungumáli en móðurmáli kennara

Deildarforsetum er heimilt að greiða til viðbótar allt að 10 kennslueiningum fyrir hverja námseiningu.

Annað

Gæðarýni.

Á skólaárinu 2003 til 2004 mun Háskólinn á Akureyri halda áfram að vinna að kerfi sem uppfyllir kröfur um kerfisbundið mat á störfum kennara í kennslusamningi Menntamálaráðuneytisins og Háskólans á Akureyri frá 9 janúar 2001.

Um önnur atriði s.s. greiðslu kennslu utan dagvinnutíma og um kennslu á orlofstíma vísast í gildandi kjarasamninga.

Samkomulag þetta verður endurskoðað að vori skólaárs óski samningsaðilar þess.

Akureyri 8 október 2003